

Doktorsvörn frá Gautaborgarháskóla: Margrét Einarsdóttir

Margrét Einarsdóttir varði doktorsritgerð sína við læknadeild háskólans í Gautaborg þann 23. nóvember síðastliðinn. Ritgerðin ber heitið: *Nýrnaheftubilun af völdum sykursteranotkunar*.

Andmælandi var Marianne Klose innkirtlalæknir við Rigshospitalet í Kaupmannahöfn. Aðrir í matsnefnd voru Inger Gjertsson, Gregor Guron og Cecilia Sjöblom Fall. Leiðbeinandi var Óskar Ragnarsson. Meðleiðbeinendur voru Guðmundur Jóhannsson, Penelope Trimpou og Daníel S. Olsson.

Úr ágrípinu

Lyf sem innihalda sykurstera eru mikið notuð. Hins vegar getur sykursterameðferð leitt til nýrnaheftubilunar. Í doktorsverkefninu var kannað algengi sykursterameðferðar í töfluformi og dánartíðni þeirra sem nota sykurstera til inntöku rannsökuð. Einnig var kannað algengi nýrnaheftubilunar við staðbundna sykursterameðferð í munnholi og algengi nýrnaheftubilunar við endurtekna stutta háskammta sykursterameðferð.

Niðurstöður verkefnisins sýna að sykursterameðferð er algeng og einstaklingar sem nota sykursteratöflur hafa aukna dánartíðni samanborið við almennt þýði. Nýrnaheftubilun af völdum sykurstera er oft vangreind. Staðbund-



Mynd/Baldur Þórólfsson.

in sykursterameðferð í munnholi getur valdið nýrnaheftubilun en stutt háskammta sykursterameðferð virðist ekki bæla nýrnaheftur.

Hér er hlekkur á ritgerðina: <https://hdl.handle.net/2077/78556>

Doktorinn

Margrét Einarsdóttir lauk embættisprófi í læknisfræði frá Háskóla Íslands árið 2010. Hún lauk meistaranámi í líf- og læknavísindum frá Háskóla Íslands árið 2015, sérnámi í lyflækningum 2017 og sérnámi í innkirtlalækningum 2021.

Hvað segir nýdoktorinn?

Af hverju vildir þú verða læknir?

Mig langaði að hjálpa fólki. Faðir minn, Einar Hjaltason, var læknir og síðan ég var barn hefur mér fundist læknisstarfið áhugavert.

Hversu erfitt er að verða doktor á skalanum 1-10?

Ég myndi segja 8. Þetta er langt ferli og oft á tíðum koma upp vandamál sem virðast óyfirstigánleg í fyrstu. Þá er mikilvægt að gefast ekki upp og reyna að finna lausnir. Góður leiðbeinandi skiptir öllu og þar var ég heppin.

Hvað yrði þitt fyrsta verk sem heilbrigðisráðherra?

Ef ég yrði heilbrigðisráðherra myndi ég fyrst ráða færan aðstoðarmann sem ég treysti. Síðan myndi ég ræða við stjórnendur spítala og heilsugæslunnar til að átta mig á hvaða mál væru mest aðkallandi.

Hvaða bók, þættir, músík, líkamsrækt er best?

Ég hef ekki lesið margar skáldsögur að undanfögnu. Ég les aðallega barnabækur með syni mínum og hann fær líka að ráða tónlistinni á heimilinu. Ég hef mjög gaman af góðum þáttaröðum, að undanfögnu hef ég horft á *White Lotus* og nýjustu þáttaröðina af *Solsidan*. Mér finnst skemmtilegast að fara í ræktina og sameina þar áhuga minn á góðum þáttaröðum og líkamsrækt, það er fátt betra en horfa á skemmtilegan þátt í ræktinni.

Hvað er skemmtilegast að gera þegar þú ert ekki í vinnunni?

Það er skemmtilegast að vera með fjölskyldu og vinum. Ferðalög eru yndisleg en oft er notalegt að vera bara heima með fjölskyldunni. Ég er lánsöm því ég á mjög skemmtilegan mann og syni.